

# Fagnaðarboði

*En leitið fyrst ríkis  
Hans og réttlætis, og  
þá mun allt þetta  
veitast yður að auki.*


## Gleðiboðskapurinn

Í upphafi var Orðið, og Orðið var hjá Guði, og Orðið var Guð; það var í upphafi hjá Guði. Allir hlutir eru gjörðir fyrir það, og án þess varð ekkert til, sem til er orðið. Í því var líf, og lífið var ljós mannanna; og ljósið skín í myrkrinu, og myrkrið hefir ekki tekið á móti því.

Maður kom fram sendur af Guði; hann hét Jóhannes. Þessi maður kom til vitnisburðar, til þess að vitna um ljósið, til þess að allir skyldu trúa fyrir Hann. Ekki var hann ljósið, heldur átti hann að vitna um ljósið. Hið sanna ljós, sem upplýsir hvern mann, var að koma í heiminn. Hann var í heiminum, og heimurinn var orðinn til fyrir Hann, og heimurinn þekkti Hann ekki. Hann kom til eignar sinnar, og Hans eigin menn tóku ekki við Honum. En öllum þeim, sem tóku við Honum, gaf Hann rétt til að verða Guðs börn: Þeim sem trúa á Nafn Hans, sem ekki eru af blóði, né af holds vilja, né af manns vilja, heldur af Guði getnir. Og Orðið varð Hold og Hann bjó með oss, fullur náðar og sannleika, og vér sáum dýrð Hans, dýrð sem Eingetins Sonar frá Föður. Jóhannes vitnar um Hann og kallar og segir: Þessi var sá, sem ég sagði um: Hann, sem kemur á

eftir mér, hefir verið á undan mér, því Hann var fyrri en ég. Því að af gnægð Hans höfum vér allir fengið, og það náð á náð ofan; því að lögmálið var gefið fyrir Móse, en náðin og sannleikurinn kom fyrir Jesúm Krist. Enginn hefir nokkurntíma séð Guð; Sonurinn Eingetni, sem hallast að brjósti Föðursins, Hann hefir veitt oss þekkingu á Honum.

*Jóh. 1. 1-18.*



*Yður er í dag Frelsari fæddur,  
sem er Kristur Drottinn,  
í borg Davíðs.*



**GLEÐILEGA HÁTÍÐ!**

# Tími kraftaverkanna er ekki liðinn

*Eftir Bertel Foregren.*

Nú í seinni tíð hefir síra Bill Branham frá Jeffersenvilla, Indiana, fengið náð til að vinna mikil og mörg kraftaverk, Nafni Guðs til vegsemdar og til hjálpar þúsundum liðandi manna í Norður-Ameríku. Hann er forstöðumaður fyrir stórum baptista-söfnuði, hefir fengið persónulega að reyna undur Hvítasunnunnar og framgengur í þeirri fyllingu. Hann fékk lækningagáfuna með himneskri opinberun. Síðan hefir Guð gjört sig lifandi kunnan og notað síra Branham sem verkfæri. Við höfum áður heyrt margt um samkomur síra Branhams á nokkrum stöðum í Kanada, Winnipeg, Sankatovn, Calgary og Edmonton, þar sem mörg undur höfðu skeð og við hlökkudum mikið til, að hann ætlaði að koma til Vancouver. Allir Hvítasunnusöfnuðirnir frá nærliggjandi stöðum, höfðu komið saman til fyrirbænar og undirbúnings. Við höfðum heyrt margskonar söguburð, er gátu vakið tortryggni um hreinleika þessara samkoma, sérstaklega hafði margt undarlegt komið fyrir í Bandaríkjunum. Vegna þess vildum við vera á verði í bæn gegn öllu því, sem ekki væri af Guðdómlegum uppruna, þó að við ælum hjá okkur engar fyrirfram ákveðnar skoðanir í þessum efnum.

Vegna þessara samkoma var tekið á leigu stórt samkomuhús, er rúmaði 4000 manns.

Í hreinni mótsögn við önnur amerísk mót, þá voru engir miklir söngvarar eða frægir hljómfæraleikarar á skránni, ekki einu sinni stór kór. Samkomurnar byrjuðu mjög einfalt, með bæn og einhverjum algengum sálmi, áður en síra Branham gekk upp á ræðupallinn. sem var þéttskipaður predikurum, — um hundrað manns.

Eg vil jata það, að persónuleiki Branhams, þurrkaði út á svipstundu allar aðfinnslur og tortryggni. Hann er 35 ára, en litur út fyrir að vera dálítið eldri. Það sést fljótt, að hann lifir mjög fábrotnu lífi undir bæn og föstu. Það er sagt að hann eti aðeins einu sinni á dag og taki aldrei þátt í neinu, sem heitir samkvæmislíf, en lifi

kyrrlátu lífi, ásamt tveimur börnum sínum, eftir að hann missti konu sína, en það skeði fyrir nokkrum árum. Hann er mjög blátt áfram í klæðaburði og öll framkoman vottar um djúpa auðmýkt. Hann er lítill og grannvaxinn og rómurinn nær skammt án hátalara, en þegar hann fær innblástur Andans talar hann kröftuglega og af miklum sannfæringarkrafti, með einföldum en sláandi rökum, að menn skuli trúá Orði Guðs og óumbreytanleik Jesú Krists. Allt sem hann segir og gjörir miðar að því að upphefja Frelsarann og draga mennina til Hans.

Hann fyrirdæmir alla sjúkdóma sem Satans verk, en Jesú kom til að frelsa okkur frá öllum hans verkum. Hann segir að þeir eigi allir að meðhöndlast með andlegum meðulum.

Enginn maður getur komist hjá því að verða sannfærður um það, að hér er maður sendur af Guði, sem hefir hjarta, er brennur fyrir Guðsríki og velferð manna bæði tímanlega og eilíflega. Stundum prédikar hann lengi, en stundum gefur hann stuttar upplýsingar og uppörvanir frá Guðs Orði, áður en hann byrjar að biðja fyrir hinum mörgu hundruðum, er óskað höfðu eftir fyrirbæ. Síðasta kvöldið, bað hann fyrir nálægt tveim þúsundum. Hann hefir þá reglu að láta fólkið koma í langri röð og biður stutta bæn um leið og hann heldur í hendina á hinum sjúka. Hann smyr ekki með olíu. Við einstaka tilfelli stanzar hann nokkuð, sennilega eftir því sem Andinn leiðir hann. Stundum er það blindur maður, heyrnarlaus, krypplingur eða þá eitthvað annað. Þegar hann gjörir það, grípur Guð inn í á sama augnabliki. Eg sá hann aldrei gefast upp við neinn sjúkdóm, þó að hann yrði að biðja allt að þrem sinnum, áður en Guðs frelsandi kraftur greip inn. Meðan hann er að biðja, biður hann alla, sem inni eru að biðja með í þögullu bæn. Hann áminnir fólk stranglega að líta ekki upp eða á neinn annan hátt að trufla bænina fyrir forvitnis sakir.

Við fengum að vera, að persónulegri nálægð, vottar að því, hvernig blind augu opnuðust, heyrnarlaus eyru fóru að heyra, bæklaðir limir urðu réttir og dauðvona fólk, sem var borið á sjúkrabörum beint frá sjúkrahúsunum, stóð upp í krafti Guðs og vegsamaði Drottinn fyrir lausn-

ina. Úti í forsalnum talaði ég á eftir við mann, sem hafði verið heyrnarlaus og mállaus en læknaðist, og ég fékk að samgleðjast með einum hjónum, yfir litlu dóttir þeirra, er Drottinn hafði læknað í augunum. Vitnisburðirnir um hin mörgu kraftaverk, hljómuðu í söfnuðinum og nærliggjandi héruðum við Vancouver, og trúin á Guðs óbrigðula fyrirheit og almætti endurnýjaðist og óx stórum. Allsstaðar var einhver að segja frá, hvað hann hafði séð Guð gjöra og margir ófrelsaðir leituðu Drottins.

Eg horfði á þegar einn maður kom með sex ára dóttir sína. Allur líkaminn hennar var bjagaður og úr lagi genginn og svo hafði hún verið heyrnarlaus og mállaus frá því hún var 8 mánaða. Þegar Branham hafði beðið þrisvar með hæglátum orðum, kom snerting Guðs kraftar, og rétti úr öllum limum, eyrun fóru að heyra hvað bróðir hennar sagði við hana, og svo byrjaði hún að tala, með því að endursegja það, sem hann hafði sagt við hana. Þegar hinn ungi, ófrelsaði bróðir stúlkunnar sá þetta, varð hann alveg sundurkraminn. Hann gaf sig þegar fram og vildi frelsast, síðan lyfti hann systir sinni upp og umfaðmaði hana.

Hógvær og auðmjúkur heldur síra Branham því fram, að þær gjafir, sem Drottinn hefir gefið honum, séu ekki neitt sérstakt og að hann sé bara einn af hinum mörgu, sem Guð notar á vorum dögum, sem svar við hinu innilega bænarrópi síns lýðs.

Mikið hungur og brennandi löngun er vöknud í hjarta mínu og margra annarra eftir voldugri opinberun á hinum postullega Hvítasunnukrafti, og ég er sannfærður um að framgangur síra Branhams er aðeins litiðsháttar byrjun á því, sem í vændum er.

*Guðjón Gíslason þýddi.*

*Barn er oss fætt, Sonur er oss gefinn; á Hans herðum skal höfðingjadómurinn hvíla; Nafn Hans skal kallað: Undraráðgjafi, Guðhetja, Eilífðarfaðir, Friðarhöfðingi. Mikill skal höfðingjadómurinn verða og friðurinn engan enda taka á háseti Davíðs og í konungsríki hans.*

*Jes. 9, 6-7.*

## Himinninn er opinn

*En er Jesús var fæddur í Betlehem í Júdeu, á dögum Heródesar konungs, sjá, þá komu Vitringar frá Austurlöndum til Jerúsalem og sögðu: Hvar er hinn nýfæddi Gyðinga-Konungur? Því vér höfum séð stjörnu Hans austur frá og erum komnir til þess að veita Honum lotning.*

*Matt. 2, 1—2.*

Nú tölum við um Jólin, sem við eigum sem Fæðingarhátíð Frelsarans.

Við förum til Betlehem og heyrum englasönginn. Betlehem er söngborgin, fyrir allar þjóðir, með himnasönginn, sem runnið hefir út um allan heim og Guðs náð hefir haldið vakandi yfir allar aldirnar með þeim er Hann hefir haft velþóknun á. Hjörðinni er Hann hefir haldið til haga.

Við vitum svo lítið um Betlehem, söngborgina miklu.

Nú förum við í ferðalag. Ekki þurfum við að taka með okkur nesti, því að þar eru nægtir af öllu, sem okkur kann að langa í. Ekki þurfum við að taka með okkur kerti, því allt er ljós þar. Allar þjáningarnar eru breyttar í gleði, sem þar kunna að hafa verið háðar. Söngurinn mikli breytti því öllu í gleði, ilm, ljós og dýrð. Guð er ljós.

Benjamín fæddist þar. Hann var ljós meðal bræðra sinna. Þar var leiði Rakelar. Davíð átti þar ættfólk sitt. Jesús fæddist þar á hátíðinni, sem ljós og lofsöngur fyrir allar þjóðir, og frá Betlehem er Jesús dagbrunnurinn frá hæðum.

Á hverjum Jólum syngjum við um dagbrunninn frá hæðum. Á hverjum degi drekkum við gestirnir og útlendingarnir hér úr brunninum. Það var brunnurinn frá Betlehem, sem konan í Samariu drakk úr hið lifandi vatn.

*En hvern þann sem drekkur af vatninu, sem ég mun gefa honum, mun aldrei að eilífu þyrsta, heldur mun vatnið, sem ég mun gefa honum, verða í honum að lind, er sprettur upp til eilífs lífs.*

*Jóh. 4, 14.*

Allir sem drekka úr hæðabrunninum syngja. Börnin er Jesús talar um og lofuðu Hann í helgidóminum, lofuðu Hann af því að þau drukku úr brunninum frá hæðum. Þegar Krist-



ur kemur með sínum heilögu, þá lofa þeir einir, er drukkið hafa.

Ef við verðum þreytt á ferðalaginu, af því að okkur finnst við búin að vera lengi, eða okkur lengi eftir vininum Jesú, þá syngjum við, því söngurinn ber okkur uppi eins og bæn-in, svo að ferðalagið verður ekki erfitt, heldur friður og gleði. Af því engan, sem drekkur af brunninum frá hæðum þyrstir aftur.

Nú viljum við segja frá hvernig stóð á því, að ferðinni var heitið til Betlehem. Það komu til okkar gestir. Þeir voru auðsjáanlega á ferðalagi, og höfðu margt að segja. Þeir voru erindrekar Konungs, Konunglega búnir og töluðu Konungs Orð. Þeir báru nafnið Vitringar frá Austurlöndum. Erindi þeirra var að ganga á Konungsfund. Þeir spurðu eftir Gyðinga-Konunginum. Þeir höfðu séð stjörnu Hans austur frá og jörðin var upplýst af stjörnuljóma Jesú, sem Gyðinga-Konungsins.

Nú þurftu Gyðingabörnin ekki lengur að sitja í skugga myrkurs og dauða. Þegar Vitringarnir voru farnir á stað með fréttina, til að sjá það, sem þeim var kunngjört, þá kom það undarlega fyrir, að ekki nokkur mannsál gat nokkursstaðar kyrr verið. Allir urðu uppteknir að heyra og sjá. Allir fóru í flýtir að búa sig. Það var alveg sama við hvaða verk hver og einn var, enginn var nú lengur bundinn við annir sínar. Það skipti nú engu máli, þótt allir væru ekki búnir að fá kvöldverð, eða hvort einn eða annar væri búinn að vinna að því sem fyrirsett var. Allt fyrirgafst nú. Það var eins og nú væri aðeins eitt, að búa sig í flýtir og komast á stað. Allir bjuggu sig í skyndi, því enginn vissi hvað stjarnan beið lengi. Það var stjarnan, sem allir þurftu að sjá.

Köllin voru mikil á meðan verið var að koma öllum í skilning um hvað olli þessum flýti, en þegar allir heyrðu að það væri stjarnan, sem hefði sést, þá vissu allir, að ekki mátti tefja. (Stjarnan er himinljós). Stjarnan upplýsir nóttina. Við vorum eins og nótt, í allri okkar vanþekkingu. Engin bjóst við neinum tálmunum, því Vitringarnir frá Mesópótamíu litu þannig út, að engar tálmanir voru á þeirra ferðalagi.

Í ferðinni voru mikil gamalmenni, það var eins og þau yrðu öll ung. Áhuginn var svo mikill. Þau sem meira að segja aldrei höfðu hlaupið, hlupu nú, eins og þau kæmu ekki við jörðina, og þau sem höfðu verið með staf og prik, gleymdu nú slíku. Hinir sjón-döpru minntust nú ekki lengur á blindu skýin, sem svo oft höfðu tafið þau á liðnu árunum og minnt á dapurleik þess, sem fellur úr blóma þessa jarðneska lífs. Allir gleymdu nú að á leiðinni mundu vera ár og vötn, fjöll og hálsar. Eins var með sjómennina. Þeir sem vanir voru að leika á báruna, þegar hún vaggði þeim, þeir mundu ekki eftir henni lengur og tóku við sínu mjúklega göngulagi eins og þeim var eðlilegt. Því að þeir höfðu nú einnig slegist með í förina. Já, mikið glaðir. Þó að þeir vissu ekki þá, að þeir ættu eftir að verða svo miklir veiðimenn Drottins, sem raun varð á síðar. Þegar þeir heyrðu raust Gyðinga-Konungsins til að þjóna Honum og hlýða. Elsku litlu börnin, sem voru með á öllum aldri og fögnuðu í ljósi elskunnar, og mömmurnar höfðu nú engar áhyggjur af, höfðu ekki hug á öðru en að fylgjast með, svo létt eins og fuglarnir, sem fengu vernd í Örkinni hans Nóa. Þau hoppuðu, sungu og léku sér, ekkert var sem truflaði þau, því nóttin kom ekki og enginn var með í förinni, sem ekki hafði hug á að fara á Konungsfund. Áhyggjunum var nú létt af afa og ömmu, sem þurftu svo oft áður, að aga elskurnar sínar, svo að þau færu sér ekki að voða, því að börnin vildu ráða sér sjálf. Þau vissu ekki að afi og amma voru oft búin að finna til undan dauðasárunum og vildu ekki að ávöxturinn þeirra þyrfti að vera í eins ströngum skóla eldraunanna. Öll feilsporin, sem þau höfðu stigið mættu verða hinum yngri til viðvörunar í baráttu syndar og dauða. Afi og amma sáu ekki annað, en einnig það ætlaði að mistakast. Börnin gleyma því svo oft, að vinarorðin eru viðvörun til þeirra, til þess að þau megi njóta þeirrar líknar, að feta feti fram- ar úr baráttu eldraunanna. Þau vildu ekki vita af neinni hættu, svo fannst þeim að afi og amma væru bara að nöldra, því að þau væru svo gömul. Höggormurinn hafði svo mikið vald, og var allsstaðar með tungu sína, til þess að sá illgresinu út fyrir börnin. Þessvegna segir afi og amma: Þið megið ekki tala ljótt og ekki skrökva, því það er ávöxtur af sæði hins vonda. Þið eigið að biðja Guð í Jesú Nafni, að kenna ykkur Orð Jesú. Þá vitum við alltaf hvað við eigum að gjöra Guði þóknanlega.

Nú var stjarnan komin til að upplýsa veginn fyrir okkur og á hennar vegi var engin hætta þeim er henni fylgdu.

Nú er eftir að minnast á hina líkþráu, ásamt öllum þeim er höggormurinn hafði sett sitt merki á, svo að þeir liðu í þúsunda tali og aðrar hjálparlausar þúsundir voru að stunda þá. Þeir biðu í vonleysi eftir

því að hinn stutti timi, er þeir áttu ólífað mundi einhverntíma taka enda og gleymdu ljósi sálhjálp-arinnar. Þeir sem fréttinni tóku urðu eins og hetjur. Þeir höfðu verið lamaðir í mörg ár, handalausir, blindir, haltir og hvað helst sem að þeim var. Það varð eitt með þá alla. Þeir urðu allir nýir í kærleika trúarinnar. Líkþrái maðurinn, sem varð að vera í burtu frá heimili sínu vegna plágunnar, mátti nú verða með í förinni og enginn amaðist við honum.

*Hann kemur sjálfur og frelsar yður. Þá munu augu hinna blindu uppljúkast og opnast eyru hinna dauðu, þá mun hinn halti léttast sár sem hjörtur og tunga hins mállausa fagna lofsyngjandi.*

*Jes. 35.*

Í Jesú Kristi Frelsara vorum er allt bætt. — Hans ríki er ekki af þessum heimi. Þessvegna urðu allir heilbrigðir, sem til Hans komu, þegar Hann á hérvistardögum sínum, gekk um kring og rak sjúkdómana út með Orði máttar síns. Það gjörir Hann enn í dag fyrir þá er Honum trúa og treysta.

Það má segja að fólk úr öllum áttum væri þarna saman komið. Þar var ungur maður, sem ég get ekki látið af að geta um. Við fyrsta tillit gat litið svo út, að hann væri mikið gamalmenni, því að andlitið leit þannig út og hann hafði ekki stjórn á limum sínum. Sljóleikinn og hirðuleysið ríkti yfir allri hans framkomu. Öreglan setti þann svip á hann, að hann vissi ekki hvar hann nú í eyrðarleysi gæti eytt tímanum og farið úr auglýn allra er veittu honum eftirtekt. Hann sá að hann var kominn inn í mikla mannþröng, eins og hann væri innigyrtur og engin leið þaðan út. Sljóu augun hans horfðu átakanlega á mannfjöldan, eins og þau vildu segja. Hvert á ég að fara? Þá segir einhver í hópnum: „Gef Guði sál þína, því Hann er kominn, hér á jörðina til að frelsa oss. Leysa oss frá synd og böli dauðans.“ Ungi maðurinn hrópaði: „Að leysa sál mína frá glötun.“ Augun horfðu nú ekki lengur sljó á mannfjöldann. Það var eins og sterkasta óveður hefði allt í einu lægt, friður og sæla runnu upp í hinu sorgþrungna hjarta, sem í vonleysinu var dauft og fjötrað. Í einu vefangi færðist bjartur ljómi yfir andlitið og hrópið barst út af vörum hins unga manns: „Já, það skal ég gjöra, gefa Guði sálu mína.“

Ungi maðurinn komst alla leið og enginn þekkti hann, sem hinn áður glataða, vonlausu mann. Þegar hrópið gekk út af vörum hans, skeður það sem alltaf skeður, hjá öllum, sem til Krists koma. Þeir fá nýtt líf og verða nýir menn með fullkomnum frið og gleði í lausninni er Jesús bjó oss.

Nú vilt þú vita hvort allir hafi farið gangandi. Þú getur nú bara hugsað þér hvort ríki maðurinn sem átti

svo marga úlfalda, ösnur og hesta, sem honum þótti svo vænt um, að hann jafnvel gaf sér ekki tíma til að syngja og þó hefir hann hæfileika til þess, eða þá að hvíla sig þótt hann væri dauðþreyttur á sunnudögum. Hann átti svo mikið af fallegum földum og svo voru alltaf einhverjir að koma til að sjá hjörðina, og það var ekkert flýtisverk, því að hún var ekki alltaf á sama stað.

Nú kunni ríki maðurinn betur við að fara á stað og hraða ferðinni, og meira að segja að lána alla gæðingana. Ef hann hefði ekki verið svona hygginn, að lána gæðingana sína, þá er það eitt vist, að hann hefði ekki komist alla leið á áfangastaðinn. Gæðingarnir hefðu þá alltaf verið að snúa honum við og hann hefði mist af öllu samferðafólkinu. Þótt ríki maðurinn hefði viljað skilja alla reiðskjótanna eftir, þá átti hann þá og þeir áttu hann, svo að þeir hefðu alltaf verið að togast á og reiðskjótarnir haft betur. Eins er með allt, sem maður á. Það er um að gera að hafa allt með sér, því að það er ekki hægt að vera bæði að heiman og heima. Ríki maðurinn gaf allar eigur sínar og snéri ekki aftur af Konungsfundi.

Allur hugurinn var við stjörnunna eins og þegar börnin eru að tína góðu og fallegu berin á sumrin. Allir höfðu oft séð stjörnu, sem lýsti upp næturmyrkrið. Nú var ein stjarna sem lýsti upp í öllum heiminum, svo að hinar stjörnurnar urðu svo litlar og hverfandi, en þótt litlar væru tóku þær allar undir með leiftrandi gleði, því að þær þekktu sitt verk. Þær fögnuðu í stjörnubirtu kærleikans.

Feðranna fyrirheitin voru í ljósi himnanna, skínu í eilífri trúfesti Guðs, voru nú opinber og augljós og allra eftirvænting var nú uppfyllt í Betlehems ljósinu, sem skein nú í ljóma út frá Jakobs-fyrirheitum.

Allra gleði, og eftirvænting var nú opinberuð til blessunar fyrir allar þjóðir, út frá Fyrirheitnalandi Abrahams, svo að allir þekktu nú leiðina inn í Fyrirheitnalandið, er Abraham þráði og beið með þolinmæði. *Því hann vænti Borgar á traustum grundvelli, þeirrar sem Guð er smiður að og Byggingarmeistari. Hebr. 11, 10.*

Nú þegar við dvöldum í Betlehem, með uppfylltar vonir og þrár, og ljós dýrðarinnar fylltu hjörtu vor af djúpri lotning. Bænum allra var svarað og þær uppfylltar. Bænum feðranna og spámanna með dýrðarsöng himnanna. Núi opinberaður í spámanns Anda til huggunar. — Hann fordæmdi hinn forna heim, og erfði fyrirheitið um komu Frelsarans. Abraham sem Guð gaf í trúardýrð að verða faðir margra þjóða í

fyrirheitinu um Krist. Og blessun Melkisedeks í brauði og víni. Davíð fyrirheitið um að Guð mundi reisa honum hús. Móse hefir sagt: *Spámann mun Drottinn Guð uppvækja yður af bræðrum yðar eins og mig. Á Hann skuluð þér hlýða í öllu, er Hann talar til yðar. Og svo mun verða að sérhver sál, sem ekki hlýðir á þennan Spámann, skal gjöreyðast úr lýðnum. Og allir spámennirnir frá Samúel og þeir sem á eftir komu allir þeir sem talað hafa, þeir boðuðu og þessa daga. Þér eruð synir spámannanna og sáttmálans, sem Guð gjörði við feður yðar, er Hann sagði við Abraham: Og af þínu afkvæmi skulu allar ættkvíslir jarðarinnar blessun hljóta. Fyrir yður hefir Guð fyrst uppvakið þjón sinn, og hefir sent Hann, til þess að blessa yður, með því að hver og einn yðar snúi sér frá illverkum sínum.* Post. 3, 22-26.

Spámaðurinn til að opinbera þjónustu vegsemd safnaðanna í ljósi og gulli, yfir allar aldirnar, í spádóms Anda og kenning í öllu, sem Jesús bauð lærisveinum sínum, að fara með út um allan heim. Hann gerir sína að Konungsríki og prestafélagi, með endurfæðing, kenningu, helgun og Heilags Anda úthellingu. Allir voru fylltir af brennandi þrá eftir að ná fundi Frelsarans og eftir því, sem við nálguðumst ferðastaðinn, jókst sælan og eftirvæntingin eftir að sjá og heyra. Betlehem var nú orðin Konungsdýr. Davíðs litla borgin, en sú undra dýrð. Guð frá himnum kominn á jörðina, með erindi til alls ferðafólksins. Nú höfum við stanzað og hneigt höfuð vor niður í lotningu. Tárin runnu niður kinnar vorar, því náðin hefir snortið hjörtu vor. Tár vor drupu niður kinnar vorar af djúpri þakkargleði, því dyrnar stóðu opnar frá himnum. Fundi Frelsarans var náð með iðrunargráti.

Öll beiskjan hvarf. Þjóðernið gleymdist. Allt nema eitt, við vorum komin á Konungs-fund. Friðar Andi Jesú tilreiddi hjörtu vor. Nú spurði enginn, hví ertu að tárast. Sama yndislega auðmýktin bærðist í öllu ferðafólkinu og tárin voru yndisleg boðun þess, sem á eftir mundi koma. Friðarhuggun uppfylltrar elsku, fyrir fram sælu boðunar, samkvæmt því, sem spámann Guðs höfðu boðað í gleðiþóðskapnum, til huggunar hreldum lýð.

## Dýra perlan

*En Jesú kallaði og sagði: Sá sem trúir á mig hann trúir ekki á mig, heldur á þann sem sendi mig.* Jóh. 12, 44.

Faðirinn og Sonurinn eru eitt í dýrð, sköpun og elsku, þar sem Almáttugur Guð fyrir Jesú Krist batt það í sitt leyndarráð að gefa oss fullkominn Frelsara, sem fullkomnaði allt réttlæti oss til handa og keypti oss eilíf föðurréttindi á himnum með sínu úthellta Blóði á Krossinum.

Svo í dag kallar Jesú til þín og mín að þiggja föðurréttindin á himnum svo þú þurfir ekki að

Enginn missti af stjörnunni vegna tíra sinna. Hún skein skært í gegnum þakklætistárin. Allir fylltust enn meir af sælu, dýrð og unaðsemd friðarins, sem engin orð fá lýst.

Mundu að allir, sem einn maður voru að leita á Frelsarans fund. Hans, sem hefir búið oss fyrirgefning syndanna og burt tekið þær, er við komum til Hans, til að þiggja Hans verk.

Við komum að fjárhúsinu, sem var nú ekki smátt í augum okkar. Himnasöngurinn, dýrðin, elskan og friðurinn ljómaði allt upp. Okkur virtist við sjá inn í himininn sjálfan, sem eins og draup af gimsteinaperlum sem sungið höfðu aldraðir, til vor, um Immanúel og sungu svo söngurinn varð eins og glitrandi regnbogafoss, yfir þeim sigri, er Guð bjó Nóa, sem fann náð hjá Guði.

Í fjárhúsinu litum við kærleika dýrðarinnar frá himnum, sem hirðir sinnar hjarðar. Okkur var augljóst, að hér litum við Guðs Eingetinn Son. Öll veröldin samsinnti því í embættisverki Heródesar konungs, sem lét myrða öll sveinbörmín í Betlehem og nálægum héruðum. Guði sé lof fyrir lindina hreinu í kærleiksgnóttum friðarins til allra sem trúa, heyra og hlýða Drottni Jesú Kristi, góða sigefandi Hirðinum er gætir hjarðar sinnar í eilífum sigri til fullkomins sigurs, yfir gróf og dauða, svo þeir hljóti huggun í réttlæti friðarins. Hallelúja.

*Og þeir syngja söng Móse, Guðs þjóns, og söng Lambsins, og segja: Mikil og dásamleg eru verkin þín, Drottinn Guð, þú Alvaldi; réttlátir og sannir eru vegir þínir, þú Konungur aldanna.*

Opb. 15, 3. Guðrún Jónsd.

gista dauða og gróf. Það er allt fullkomnað frá Hans elskandi Föður hendi. Það er vilji Hans að allir komist til þekkingar á hinum eilífa sanna sannleika, þar sem Hann gaf oss Drottinn Jesú Krist. Eg vil lofa minn himneska Frelsara og Föður að Hann hefir kallað mig til að heyra sitt heilaga Sannleiks Orð, til að lifa því og bera ávöxt. Honum til lofs og dýrðar, svo kallið Hans barst mér til eyrna og ég fékk þá dýrðlegu náð að heyra.

Því að Orð Guðs er lifandi og kröftugt og beittara hverju tveggjuðu sverði og smýgur inn í innstu fylgsni sálar og anda liðamóta og mergjar, og er vel fallið til að dæma hugsanir og hugrenningar hjartans. Svo í dag skaltu sinna Hans Orði því næsti dagur er þér víst ekki gefinn, þá hefir þú glatað þínum föðurréttindum, sem þér var gefið að erfa með Jesú. Hann sem afklæddist svo ég mætti íklæðast þeirri dýrð, sem Hann keypti með sínum þrautum og þjáningum, því Hann áleit ekkert sitt heldur allt Föðursins.

Þú sem lifir þína hérvistar daga hér á jörðinni og mátt ekki missa eina máltíð til viðurværis þíns líkama, hvernig heldur þú megir missa af að heyra Sannleiks Orð frá lifandi Guði. Hann sem stendur við dyrnar og knýr á hjartað þitt til þess að það mætti verða bústaður fyrir Hans Orð svo hjarta þitt mætti fyllast af frið, þeim frið, sem enginn mannleg tunga fær túlkað á mannlegu máli. Við stöndum orðlaus á allan hátt við að lofa Hans dásendar verk. Sá sem ekki hefir fundið Hann, lofar sig sjálfan. En sá sem fundið hefir Jesú Krist, sem fullkominn Frelsara, hann hefir fundið dýru perluna. Sannleiks Orðið gefið og skilið fyrir Heilagan Anda. Hann hið sanna brauð, sem niður sté frá himnum, heiminum til lífs og gaf oss beina veginn til lífsins, sem öllum er ætlað að ganga því broddur dauðans er sigraður og réttlætið er leitt fram til sigurs. Svo nú er þitt og mitt verk að grafa eftir Hans frelsandi Orði og helgast betur og betur svo þú megir verða hæfari fyrir Hans komandi dýrð, því að vér erum smíð Hans, skapaðir fyrir samfélagið við Krist Jesúm til góðra verka, sem Guð hefir áður fyrirbúið, til þess að vér skyldum leggja stund á þau.

Efes. 2, 10.

Ögmundur Jónsson.

## Leitið Drottins

Hvað skeður þegar syndugur maður leitar á náð Guðs og biður Drottinn um fyrirgefandi náð sér til handa og hrópar á Hans hjálp, til að hrífa sig úr syndaneyðinni, sem hann eða hún hafa fundið að þau voru í?

Þá skeður mikið og það sem ske ætti hjá öllum að leita náðar Drottins sem leiðir þá á veg lífsins, sem Hans fullkomna fórn veitir einum og sérhverjum sem trúir. Það er alveg víst, að Jesús heyrir til þín og með Hans hjálp, verður þú nýr maður. Hinn gamli maður, sem tilheyrði heiminum, syndum hans og löstum deyr.

Drottins himneskur friður fyllir hjarta þitt og sál. Þú færð fullvissu um að Jesús hefir bænheyrt þig. Þannig hefir náð Drottins til mín runnið. Lof sé mínum himneska Föður og Frelsara Drottni Jesú Kristi.

Eg hefi valið Jesú. Það er Hans blessuð náðargjöf mér til handa, sem ekki verður frá mér tekin, ef ég hafna ekki af ásettu ráði Hans miskunn.

Meðan ég var úti í synd og dauða var skip mitt brotið. Þar var ekki ein spýta heil og engin nagli, sem hélt, en nú er skip mitt heilt og Jesú Kristur við stýrið, og ég veit að öllu er óhætt á meðan. Hann ratar með sína fram hjá öllum hættum, heim í höfn eilífðarinnar.

*En ég hefi beðið fyrir þér, til þess að trú þín þrjóti ekki . . . . .*

Lúk. 22, 32.

Þessi orð talaði Drottinn við Pétur lærisvein sinn

Jesús biður fyrir mér og þér í dag í Orði sínu, en trúðu aðeins.

Drottinn hefir sína þjóna sem tala áminningarorð til þeirra, sem á þá vilja hlýða og öllum er gefið frjálsræði til að velja og hafna og ganga í raðir Guðs barna og vera í fylgd með Jesú.

Frímann Ingvarsson.

1. árg. 4. tölublað 1948

Gefið út af Sjálfseignarstofnuninni  
Austurg. 6. Sími 9075. Hafnarfirði  
Ritnefnd:

Einar Einarsson, Frímann Ingvarsson,  
Ögmundur Jónsson.